

Alþjóðaráð

Fundargerð, 22.11.2016, kl 18:00

Mættir: Jón Þór Gunnarsson, formaður, Liljar Már Þorbjörnsson, Marta Magnúsdóttir, Þórey Lovísa Sigurmundsdóttir, Tinna María Halldórsdóttir og Júlíus Aðalsteinsson, félagsmálastjóri.

1. Fundargerð síðasta fundar: Samþykkt.
2. Viðburðir framundan:
 - a. Finnlandsferð alþjóðaráðs: Lokaskýrsla: Er í vinnslu á sameiginlegu skjali alþjóðaráðs, Liljar hefur umsjón með að skýrslan verði kláruð.
 - b. Auður djúpúðga 2017: Tólf þátttakendur og 2 fararstjórar staðfestir og hafa greitt staðfestingargjald. Júlíus pantar flugmiða í samstarfi við fararstjóra.
 - c. Rovernet-Venturennet: Viðburðurinn verður 1.-4. des. í Róm. Benedikt Þorgilsson (Árbúum) og Anna Marta Söebeck (Kópum) fara fyrir hönd BÍS.
 - d. Network Meeting for Guide and Scout External Representatives: Vigdís Friða Þorvaldsdóttir (Fossbúum) fór á vegum BÍS. Jón Þór leggur til að hún haldi kynningu fyrir Upplýsingaráð með áheyrslu á þessi málefni. Júlíus biður um ferðaskýrslu.
 - e. Young Spokespersons Training 2017: WOSM hefur enn ekki gengið frá skipun í Planning Team en það ætti að gerast mjög fljótlega eftir fund Evrópustjórnar um liðna helgi.
 - f. RoJamb: Tæplega 20 sýndu auglýsingunni á Tækifæri áhuga og stofnaði Marta Facebook grúppu fyrir áhugasama. Ekki virðist vera mikið líf í grúppunni og ætlar Marta að kanna hvort raunverulegur áhugi sé til staðar.
 - g. Heimsþing WAGGGS og WOSM 2017:
 - i. Fjöldi fulltrúa BÍS ræðst við gerð starfs- og fjárhagsáætlunar hjá stjórn. Væntanlega fara einnig fulltrúar á vegum World Scout Moot á þing WOSM. Vonast er til að unnt verði að senda fulltrúa á Youth Forum.
 - ii. Undirbúningsfundir IC WOSM verður í London aðra helgina í mars og sambærilegur fundur IC WAGGGS verður í París fjórðu helgina í mars.
 - h. Crean Challenge: Viðburðurinn hefur verið í verkefnaskrá dagskráráðs í starfsáætlanagerð BÍS, en dagskráráð telur að hann eigi betur heima hjá alþjóðaráði. Alþjóðaráð er tilbúið til þess að styðja við framkvæmd þessa viðburðar.
 - i. World Scout Moot: 110 íslenskir þátttakendur skráðir núna og umsónarfrestur er ekki runninn út. Gera þarf fjárhagsáætlun fyrir íslenska hópinn.
3. Tillaga að verkaskiptingu Alþjóðaráðs:
 - a. Yfirumsjón og samskipti við WOSM, WAGGGS og NSK auk setu í stjórn BÍS. Formaður, Jón Þór
 - b. Fulltrúi formanns Alþjóðaráðs (e. deputy) sem að kynnir sér í dýpt heimsbandalögin tvö. Liljar
 - c. Stuðningur við fararhópa erlendis og þjálfun fulltúa BÍS á erlenda viðburði. Liljar
 - d. Viðburðir innanlands, skipulag og utanumhald þátttöku ráðsins að viðburðum innanlands. Þórey

- e. Kynningarmál ráðsins, láta ekki tækifæri fara fram hjá skátum, heyra í fulltrúum sem fara erlendis og segja þeirra sögu og virkja þeirra upplifun í alþjóðastarfi. Marta
 - f. Dagskrá fyrir innlent skátastarf, alþjóðaráðskistan og verkefni tengd alþjóðlegu skátastarfi. Tinna
 - g. Starfsmaður hleypur undir bagga, aðstoðar og styður ráðsmeðlimi við hin ýmis verkefni. Júlíus
4. Fararstjórar, auglýsing:
 - a. Roverway 2018: Í þriðjudagspóstinum í dag er auglýst eftir fólki til þess að koma í undirbúningshóp vegna ferðar á Roverway 2018. Rætt hvenær auglýsa á eftir fararstjóra og hvort hann eigi að koma úr undirbúningshópi. Ákvörðun frestað.
 - b. World Scout Jamboree 2019:
 - c. Samþykkt að auglýsa eftir fararstjóra fljótlega eftir áramót.
 5. Forandringsagenter:
 - a. Lokaskýrsla: Marta segir þetta vera í vinnslu.
 - b. Endurmat: Marta segir að endurmat hafi verið sent út og svörun verið mjög góð.
 6. Fræðslukvöld alþjóðaráðs 19. janúar: Óskað hefur verið eftir því að ráðið annist fræðslukvöld um alþjóðastarf. Samþykkt að verða við því. Jón Þór, Liljar og Þórey taka að sér skipulagningu og framkvæmd.
 7. Magn auglýsinga og ritsjörn Tækifæra í Alþjóðastarfi: Umræðu frestað.
 8. "Vefsíðan" okkar á Skátamál.is leiðbeiningar að utanför drög <https://docs.google.com/document/d/1ani-4ZiFW19hl-0CEK5heEJmmvEr4kqbsXNKADDVQeY/edit?usp=sharing> Þurfum að skoða efnið með tillit til þess hver lesandinn er. Höldum áfram vinnu við skjalið.
 9. Erindi:
 - a. WOSM Communication strategy, review: Senda punkta á Jón fyrir lok vikunnar.
 - b. 2017 Boy Scouts of America International Camp Staff Program: Þetta var auglýst á Tækifæri og hafa 3 haft samband og óskað nánari upplýsinga. Þar sem það er erfitt að samræma þátttöku í þessu og Moot er ólíklegt að við sendum einhvern að þessu sinni.
 10. Önnur mál:
 - a. Vinnufundur ráðsins 7. janúar: Minnt var á fundinn.
 - b. Starfsáætlun ráðsins:
 - c. Farið yfir það sem snýr að ráðinu í starfsáætlun stjórnar BÍS. Jón Þór mun fara yfir fjárhagshliðina.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið kl 20:20